

SANNFÆRANDI TEXTAR

Persuasive texts

Af hverju skrifum við sannfærandi texta?

Sannfærandi texti er skrifaður í þeim tilgangi **að setja fram sjónarmið og sannfæra aðra**. Birtingarform sannfærandi texta eru margvísleg; auglýsingar þar sem keppst er við að selja okkur eitthvað, blaðagreinar þar sem verið er styðja stefnu stjórn málaflókka og reynt að veiða kjósendur til fylgis, bloggsíður þar sem við erum hvött til að hugsa á ákveðinn hátt, tillögur að fjármögnun fyrir ákveðin verkefni, leikhúsrýni, kvikmyndarýni, káputexti á bók, kappræður og lengi mætti telja.

Hvað þarf að hafa í huga við ritun sannfærandi texta?

Eftirfarandi spurningum er gott að svara áður en hafist er handa við ritunina sjálfa:

1. Fyrir hvern ertu að skrifa?
2. Hver er tilgangur skrifanna?
3. Hvaða upplýsingar þurfa að koma fram?
4. Hvaða rök munu virka best á lesendur?
5. eru einhver dæmi sem þú getur sett fram máli þínu til stuðnings?

Hvernig er uppbygging sannfærandi texta?

- Fyrirsögn og/eða upphaf texta er grípandi þannig að athygli lesenda er fönguð.
- Skoðun er komið á framfæri strax í upphafi texta.
- Rök eru sett fram fyrir skoðuninni og dæmi tekin til stuðnings.
- Í lengri sannfæringartexta er skoðunin endurtekin eða dregin saman í lokin með einni málsgrein.

Hvað einkennir sannfærandi texta?

- Sagnir eru í nútíð.
- Áhrifamikil lýsingarorð eru notuð.
- Skoðun er oft breytt í sannleika.
- Spurningar eru settar fram án þess að búist sé við svári.
- Lesandinn er tengdur við viðfangsefnið með því að nota persónufornöfnin: við, okkur, þú og þið.

Einnig er oft notast við:

- ýkjur
- upphrópanir
- tilfinningatengd orð

Hér fyrir neðan eru nokkur amboð tengd sannfærandi textum sem tilvalin eru til útprentunar.

SANNFÆRANDI TEXTAR

Við notum sannfærandi texta til að deila skoðunum okkar með öðrum.

Við viljum að lesendur séu sammála okkur.

Hér eru nokkur dæmi:

Ferðabæklingar

Netauglýsingar

Dreifildi

Tölvuleikjarýni

Innsendar blaðagreinar

Káputexti á bók

Áróðursrit stjórnmalaflokka

Leikhúsrýni

Auglýsingaskilti



ÞAÐ SEM EINKENNIR

SANNFÆRANDI TEXTA

nútíð

tölfræði

áhrifamikil lýsingarorð
(t.d. hræðilegt, dásamleg ...)

samtengingar

lýsingarorð
í efsta stigi

skoðun breytt
í sannleika

ýkjur

upphrópunarmerki

staðreyndir

1. og 2. persónu fornöfn
(ég, við, þú, þið)

Spurt en ekki
búist við svari
(retorísk spurning)

endurtekningar

ORÐABANKI

FYRIR SANNFÆRANDI TEXTA

Ég tel ...

Ég veit ...

Ég trúi því að ...

Allir vita að ...

Við verðum
að átta okkur
á því ...

Haldið þið
virkilega að ...?

Þið verðið
að vita ...

Vissulega ...

Það er virkilega
þess virði að ...

Við ættum að ...

Þetta felur
í sér ...

Ég skora á ...

Hreinskilnislega
sagt ...

Það er sannarlega
þess virði að ...

Þetta myndi
orsaka ...

Það er alveg
skýrt ...

Sem betur fer ...

Það væri
glapræði að ...

Mikilvægast af
öllu er að ...

Við vitum öll ...

Þið vitið ...

Aðeins kjáni
myndi ...

Vilt þú ...?

Við getum
leyst ...

Í mínum huga ...

Áttið þið ykkur á ...

Í stóra
samhenginu ...

Þið ættuð ...

Niðurstaðan
hlýtur því að ...